Til stjórnar Gildis lífeyrissjóðs

Tillaga til ályktunar á ársfundi 30. apríl 2014

Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs samþykkir að á næsta stjórnarfundi Haga muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækisins bera fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Haga samþykkir að ráðningasamningur við forstjóra fyrirtækisins verði tekinn til endurskoðunar þannig að mánaðarleg laun, hlunnindi og árangurstengdar þóknanir fari ekki umfram 3,0 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækisins teknir til endurskoðunar þar sem sambærilegar greiðslur verði innan hóflegra marka."

Greinargerð:

Í samskipta og siðareglum fyrir stjórn og starfsmenn Gildis lífeyrissjóðs segir m.a. eftirfarandi:

„Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá."

Gildi lífeyrissjóður á 10,32% í Högum. Samkvæmt Ársskýrslu Haga 2012 - 2013 eru mánaðargreiðslur til forstjóra fyrirtækisins 6 milljónir.
Óumdeilt er að slík ofurlaun rúmast ekki innan framangreinds ákvæðis í siðareglum Gildis lífeyrissjóðs.

Reykjavík 23. apríl 2014

Örn Pálsson
Sjóðfélagi og fulltrúi í
fulltrúaráði Gildis lífeyrissjóðs